Erindisbréf notendaráðs fatlaðs fólks í Fjallabyggð

1. gr.
Notendaráð um málefni fatlaðs fólks í Fjallabyggð starfar í umboði bæjarstjórnar og á grundvelli 2. mgr. 42. gr., sbr. 8. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari og samþykkt um stjórn Fjallabyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar, nr. 490/2025, með síðari breytingum og eftir því sem lög mæla fyrir hverju sinni.

2. gr.
Notendaráð fatlaðs fólks er skipað sex fulltrúum.

- Þrír fulltrúar og þrír til vara skulu tilnefndir af bæjarstjórn að loknum sveitarstjórnarkosningum.
- Þrír aðalfulltrúar og þrír varafulltrúar skulu tilnefndir af hagsmunasamtökum fatlaðs fólks í Fjallabyggð.
- Óskað skal eftir tilnefningum frá Landssamtökunum Þroskahjálp og Öryrkjabandalagi Íslands.

Bæjarstjórn kýs formann notendaráðsins en ráðið kýs sér sjálft varaformann á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Skipunartími ráðsins fylgir kjörtímabili bæjarstjórnar. Starfsmaður velferðarsviðs situr fundi ráðsins og hefur þar málfrelsi og tillögurétt og ritar jafnframt fundargerðir.

3. gr.
Notendaráð um málefni fatlaðs fólks skal að jafnaði funda þrisvar sinnum á ári. Heimilt er að halda aukafund ef þörf er á.

Starfsmaður velferðarsviðs boðar til funda í samráði við formann. Aðalmenn boða varamenn sína til fundar ef þeir forfallast. Formaður stýrir fundum. Á dagskrá skulu tekin mál sem fulltrúar í notendaráði hafa óskað eftir að fjallað verði um, enda séu þau á verksviði hópsins. Jafnframt skulu tekin á dagskrá mál sem formenn bæjarstjórnar, bæjarráðs eða fastanefnda óska eftir að ráðið fjalli um.

Fundir skulu boðaðir með að minnsta kosti viku fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun. Um fundarsköp fer eftir bæjarmálasamþykkt eftir því sem við á. Notendaráð getur óskað eftir að einstaka starfsmenn Fjallabyggðar mæti til fundar, sem og aðrir sem hópurinn telur þörf á hverju sinni.

4. gr.
Fundur notendaráðs um málefni fatlaðs fólks skal haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum.

Notendaráðið skal rita fundargerð og senda afrit fundargerða til velferðarnefndar.

5. gr.
Gert er ráð fyrir að velferðarnefnd eigi fund með notendaráðinu árlega. Jafnframt er gert ráð fyrir að notendaráðið leggi árlega fram skýrslu um starfsemi sína og kynni hana fyrir velferðarnefnd.

Velferðarsvið Fjallabyggðar tryggir þátttakendum stuðning og þjálfun til virkrar þátttöku í notendaráðinu.

6. gr.
Hlutverk notendaráðs um málefni fatlaðs fólks er að vera formlegur vettvangur samráðs og samstarfs við bæjarstjórn og nefndir og ráð Fjallabyggðar um hagsmuni fatlaðs fólks þar sem fjallað er um þjónustu við fatlað fólk, framkvæmd hennar og þróun. Notendaráðið stuðlar þannig að skoðanaskiptum og miðlun upplýsinga milli fatlaðs fólks og bæjaryfirvalda um stefnu og framkvæmd í málefnum sem varða fatlað fólk.

Markmiðið með starfi notendaráðsins er að bæta þjónustu við fatlað fólk í Fjallabyggð með virkri aðkomu fatlaðs fólks að skipulagi og mótun þjónustunnar.

7. gr.
Hlutverk notendaráðs um málefni fatlaðs fólks er einkum að:

1. Vera ráðgefandi um áætlanagerð í málefnum fatlaðs fólks í Fjallabyggð, sbr. 3. málsl. 1. mgr. 8. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.
2. Fylgjast með framkvæmd og þróun þjónustu við fatlað fólk í Fjallabyggð í samráði við notendur hennar og talsmenn þeirra eða aðstandendur, sbr. 1. málsl. 2. mgr. 42. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991. Í því felst að fjalla um ábendingar og tillögur þeirra sem í hlut eiga.
3. Koma á framfæri hugmyndum og tillögum um inntak og tilhögun þjónustu við fatlað fólk í Fjallabyggð og ábendingum um gerð reglna um þjónustu.

Notendaráðið fjallar ekki um málefni einstaklinga.

8. gr.
Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Samþykkt í bæjarstjórn Fjallabyggðar 26. febrúar 2026